

# Sigurður Ágúst Sigurðsson



**sækist eftir endurkjöri til formennsku í FEB.**

Ég undirritaður Sigurður Ágúst Sigurðsson kt. 281053-3889 gef áfram kost á mér til formanns FEB til næstu tveggja ára.

Sem formaður FEB frá árinu 2024 hef ég öðlast mikilvæga þekkingu á þeim fjölmörgu brýnu verkefnum sem stjórn félagsins berst fyrir sem eru m.a. kjara- og húsnæðismál.

Rekstur FEB gengur afar vel annað árið í röð og m.a. var áhvílandi skuld á félagsheimilinu okkar Ásgarður greidd upp í fyrra. Félagið er nú skuldlaust. Næst er að skora á eldri borgara að ganga í FEB og fjölga félagsmönnum sem í dag eru rúm 16 þúsund félagar.

Sem formaður FEB og jafnframt varaformaður LEB hef ég lagt mig fram um að vera í persónulegu sambandi við ráðherra og borgarstjórn og þannig hef ég getað komið áherslumálum okkar á framfæri milliliðalaust á fundum okkar.

Margt hefur áunnist og annað sem er í farvatninu. Sem dæmi:

Lífeyrisgreiðslur frá TR verða framvegis miðaðar við vísitölu launa.

Frítækjumark almannatrygginga verður komið í 60 þúsund krónur 2028 og stefnt að 100 þús. krónum fyrir 2030.

Endurnýjunartími ökuskrteina eftir 70 ára aldur verður lengdur frá því sem nú er.

Fjölgun hjúkrunarheimila er að raungerast og bætt þjónusta í heimahjúkrun.

Það var að mínu undirlagi að LEB tók upp opinbera umræðu um ofbeldi gegn eldri borgurum og var mér falið af stjórn LEB að skipuleggja málþing í okt. 2025 og bjóða fagaðilum að taka þátt. Málþingið þótti takast vel og okkur þakkað fyrir þetta framtak. Síðan hafa umræður verið áberandi fjölmiðlum og er það vel.

Ef ég næ endurkjöri mun ég beita mér fyrir því að eldri borgarar geti aflað 300 þús. króna tekna á mánuði án skerðinga. Þátttaka ríkisins í kaupum á heyrnartækjum fari í 50% og söluverð verði svipað og er á Norðurlöndum. Afslættir á fasteignasköttum verði hækkaðir og viðmiðunarmörk á tekjum því samfara verði rýmkuð til muna.

Ég óska eftir stuðningi til endurkjörs til næstu 2ja ára eins og lög félagsins segja til um.

Með bestu kveðju,

Sigurður Ágúst Sigurðsson.